

# Samkomulag um breytingar á kjarasamningi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um lífeyrismál frá 12. desember 1995

## Stjórnkerfi lífeyrissjóðanna

### A. Ársfundir lífeyrissjóða

Fyrir júnílok ár hvert skal stjórn lífeyrissjóðs boða til ársfundar sjóðsins og hefur hann æðsta vald í málefnum lífeyrissjóðsins, sé ekki annað ákveðið í samningi þessum eða samþykktum einstakra sjóða. Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Fulltrúaráð fer með atkvæði á ársfundi.

Ársfund skal boða skriflega með tilkynningu til allra aðildarfélaga sjóðsins með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Jafnframt skal auglýsa fundinn tryggilega.

Á ársfundi skal taka fyrir:

- Skýrslu stjórnar,
- kynningu og afgreiðslu ársreikninga,
- tryggingarfræðilega úttekt,
- fjárfestingarstefnu sjóðsins,
- hluthafastefnu sjóðsins,
- starfskjarastefnu sjóðsins,
- tilkynningu um kosningu stjórnar og nefndar um laun stjórnarmanna skv. reglum viðkomandi sjóðs,
- kosningu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis,
- tillögur um breytingar á samþykktum, þegar þær liggja fyrir,
- tillögu um laun stjórnarmanna,
- önnur mál.

### B. Fulltrúaráð tilnefningaraðila


#### **Skipan fulltrúaráðs**

Fulltrúaráð lífeyrissjóðs skal að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaganna sem aðild eiga að viðkomandi lífeyrissjóði og fulltrúum atvinnurekenda. Fulltrúar í fulltrúaráðinu skulu koma úr hópi sjóðfélaga eða stjórnenda fyrirtækja sem eru greiðendur til sjóðsins. Stéttarfélög sem aðild eiga að lífeyrissjóði skulu gera með sér formlegt samkomulag um val og skiptingu fulltrúa sinna í fulltrúaráðið. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu valdir úr hópi stærstu launagreiðenda til sjóðsins eða hagsmunasamtökum atvinnurekenda. Um fjölda fulltrúa í fulltrúaráði skal að öðru leyti kveða á um í samþykktum viðkomandi lífeyrissjóðs.

#### **Hlutverk fulltrúaráðs**

Fulltrúaráð fer með atkvæði á ársfundum lífeyrissjóðs í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við samþykktir þeirra þar um. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé ákveðið í samningi þessum eða samþykktum, en heimilt er þó að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaganna greiði atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins, svo samþykkt sé lögmæt. Fulltrúa er heimilt að fara með allt að tvö atkvæði til viðbótar við eigið atkvæði eftir reglum sem framangreindir tilnefningaraðilar setja.

Fulltrúaráð skal starfa á grundvelli ákvæða kjarasamnings þessa. Ráðið staðfestir tilnefningar til stjórnar lífeyrissjóðs og hefur eftirlit og aðhald með störfum hennar, fjallar um og afgreiðir breytingar á samþykktum sjóðsins, staðfestir fjárfestingarstefnu og starfskjarastefnu sjóðsins og hefur eftirlit með framvindu þeirra.



Stjórn lífeyrissjóðs skal kalla saman fulltrúaráð lífeyrissjóðs a.m.k. tvívegis á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, þar sem m.a. eru rædd málefni sjóðsins, breytingar á samþykktum undirbúnar og lykiltölur úr afkomu og framvindu fjárfestingarstefnu kynntar.

### C. Stjórn lífeyrissjóðs

#### **Hlutverk og hæfi stjórnar**

Stjórn lífeyrissjóðs fer með æðsta vald hans á milli ársfunda og skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Hún skal hafa eftirlit með daglegum rekstri og stuðla að viðgangi sjóðsins og langtímaárangri.

Stjórn lífeyrissjóðs skal vera af þeirri stærð og þannig samsett að henni sé kleift að sinna málefnum sjóðsins af skilvirkni og heilindum.

Stjórn lífeyrissjóðs skal skipuð fulltrúum stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekenda að jöfnu og skulu þeir tilnefndir til tveggja eða fjögurra ára í senn, í samræmi við ákvæði samþykktar viðkomandi sjóðs. Með sama hætti skal hvor tilnefningaraðili að lágmarki tilnefna einn varamann.

Stjórn lífeyrissjóðs skiptir sjálf með sér verkum, þó þannig að fulltrúar atvinnurekenda og stéttarfélaganna hafi á hendi formennsku til skiptis.

Stjórnarmaður skal að hámarki sitja 8 ár samfellt sem aðalmaður í stjórn lífeyrissjóðs á samningssviði SA og ASÍ. Einstaklingur sem setið hefur í stjórn sem aðalmaður í 8 ár má ekki taka sæti í stjórn sem aðalmaður lífeyrissjóðs á samningssviðinu á ný fyrr en að þremur árum liðnum.

Um verkefni stjórnar, hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fer að öðru leyti skv. lögum 129/1997. Stjórn lífeyrissjóðs skal jafnframt taka mið af Leiðbeiningum um góða stjórnarhætti.<sup>1</sup>

#### **Hagsmunarékstur**

Stjórnarmaður lífeyrissjóðs eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður, starfsmaður eða af fjárhagslegum toga. Viðkomandi stjórnarmenn skulu víkja af fundi er slík mál koma upp. Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer að öðru leyti eftir hæfisreglum stjórnarsýslulaga. Skyld er þeim, sem í hlut eiga, að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfi skv. framansögðu. Almennar ákvarðanir um vexti og skilmála á sjóðfélagalánum valda ekki vanhæfi stjórnarmanna sem eru með sjóðfélagalán hjá sjóðnum.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um hagsmunaskráningu í samræmi við kröfur Fjármálaeftirlitsins á hverjum tíma. Stjórn og starfsmenn skulu gera regluverði sjóðsins grein fyrir viðskiptum með fjármálagerninga og upplýsa um eignarhald og tengsl hans og venslamanna við einstök félög ef við á. Stjórnarmenn skulu ekki sitja í stjórn, eiga eignarhlut eða stunda viðskipti fyrir eigin reikning í fyrirtækjum sem lífeyrissjóðurinn á hlut í nema um óverulegar fjárhæðir sé að ræða. Eigi stjórnarmaður verulegan hlut í fyrirtæki á skráðum verðbréfamarkaði við upphaf stjórnarsetu ber honum að selja hlutinn, koma honum í eignastýringu hjá fjármálafyrirtæki eða eiga ekki viðskipti með viðkomandi hlutabréf á meðan hann situr í stjórn sjóðsins.

Stjórn lífeyrissjóðs, framkvæmdastjóri og aðrir sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

Stjórnarmenn og starfsmenn lífeyrissjóðs skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins.

<sup>1</sup> Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 5. útgáfa, maí 2015. Útgefandi: Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Ísland.



### ***Skipan stjórnarmanna - uppstillingarnefndir tilnefningaraðila***

Fulltrúar stéttarfélaganna sem aðild eiga að viðkomandi lífeyrissjóði og fulltrúar atvinnurekenda skulu hvor um sig starfrækja uppstillingarnefnd sem fjalli um hæfi einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarstarfa. Tilnefningaraðilar skulu óska eftir starfskröftum hæfra einstaklinga til stjórnarstarfa með auglýsingum og almennri hvatningu. Sóst verði eftir einstaklingum úr hópi sjóðfélaga, stjórnenda fyrirtækja sem eru greiðendur til viðkomandi sjóðs eða forystumanna samtaka atvinnurekenda, með fjölbreytta reynslu og þekkingu t.d. varðandi lífeyrismál, kjarasamninga, stjórnun, áætlanagerð og reikningshald, lögfræðileg málefni og fjármálamarkað. Úr þessum hópi gerir uppstillingarnefnd tillögu um einstaklinga til stjórnarsetu sem hæfastir eru taldir í ljósi þeirra eiginleika sem sóst er eftir í viðkomandi stjórn.

Tilnefningaraðilar skulu hafa með sér formlegt samráð við tilnefningar sem tryggi að stjórn lífeyrissjóðs búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt.

Tilnefningar uppstillingarnefnda stéttarfélaganna í stjórnir lífeyrissjóða verði staðfestar af fulltrúum stéttarfélaganna í fulltrúaráði viðkomandi lífeyrissjóðs.

Með sama hætti skulu fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráði staðfesta tilnefningar Samtaka atvinnulífsins um stjórnarmenn í viðkomandi lífeyrissjóði.

### ***Nefnd um laun stjórnarmanna***

Ársfundur skal skipa sérstaka nefnd sem leggur fram tillögu um laun stjórnar fyrir ársfund. Í tillögum sínum skal nefndin miða við að laun stjórnarmanna endurspegli ábyrgð, sérþekkingu, reynslu og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Nefndin skal kynna stjórn tillögur sínar eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund lífeyrissjóðs.

Nefnd um laun stjórnarmanna skal skipuð þremur mönnum hið minnsta, formanni stjórnar og einum aðila frá hvorum tilnefningaraðila sem ekki eru stjórnarmenn í viðkomandi lífeyrissjóði.

### ***Starfskjarastefna***

Stjórn skal setja sjóðnum starfskjarastefnu varðandi starfskjör stjórnenda sem lögð skal fram til samþykktar á ársfundi og birt í ársskýrslu og á heimasíðu sjóðsins.

## **D. Samráðshópur um lífeyrismál**

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórn lífeyrissjóða, sem falla undir gildissvið þessa samnings auk fulltrúa frá ASÍ og SA, mynda samráðshóp um lífeyrismál. Hópurinn hittist að jafnaði tvisvar á ári til að fjalla um stöðu og þróun lífeyriskerfisins, málefni lífeyrissjóðanna og framvindu á grundvelli kjarasamnings þessa. ASÍ og SA bera til skiptis ábyrgð á undirbúningi og boðun fundanna.

Reykjavík, 24. apríl 2018

f.h. Alþýðusambands Íslands



f.h. Samtaka atvinnulífsins

